Framhaldsskólinn í
Austur-Skaftafellssýslu

Ársskýrsla 2012

Inngangur

Hér verður fjallað um starfsemi Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu á árinu 2012 út frá prófileyðublaði frá ráðuneytinu, öðrum kafla skólasamnings 2010 - 2012.

Prófíll Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu árið 2012

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna: Húsnæði skólans í Nýheimum er um 1500 m² og verknámsaðstaða í Vöruhúsinu er um 300 m². Skólinn leigir aðstöðu í líkamsræktarstöð fyrir íþróttir og einnig aðstöðu vegna verknáms í fjallamennsku. Auk þess hefur skólinn aðgang að verknámsaðstöðu grunnskólans, bókasafni Menningarmiðstöðvar í Nýheimum, leiklistaraðstöðu í Mánagarði og sundlaug sveitarfélagins á Höfn.
Um 220 nemendur og um 130 nemendaígildi. 20 til 25 starfsmenn í rúmlega 20 stöðugildum.

Námsframboð: Nám til stúdentsprófs á félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut, viðbótarnám til stúdentsprófs, umhverfis- og auðlindabraut. Almennt nám og starfsbrautarnám. Fjallamennskunám, A og B stig vélstjórnar, félagsliðanám og skrifstofu- og fjármálagreinanám.

Framkvæmd markmiða: Einkum unnið að upptöku nýrrar námskrár, þróun list- og verknáms í Vöruhúsinu og fjallamennskunámi.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat: Einkum úrbætur á félagslífi nemenda eftir að ljós kom í skólamati árið 2011 mikil óánægja nemenda með það.

Úttektir: Engin formleg ytri úttekt.

Afkoma, rekstrarstaða: Reksturinn fór um 10 milljónir framyfir heimildir sem eru um 7% af umfangi.

Brottfall: Vorönn 9% og haustönn 10% en var um 12% 2010 og 2011. Reiknað út frá því hve margir mættu til prófs af þeim sem upphaflega skráðu sig í hvern áfanga.

Stjórnun: Skólameistari, áfangastjóri skrifstofustjóri, og tveir verkefnastjórar.

Samvinna við aðra: Stofnanir í Nýheimum; Sveitarfélagið Hornafjörður; leikskólar, grunnskóli og tónskóli á svæðinu; sex framhaldsskólar á landsbyggðinni; Tækniskólinn; fyrirtæki í ferðaþjónustu á Suðausturlandi; fjórir erlendir skólar og stofnanir.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans: Nám í fjallamennsku og uppbygging list- og verknáms í Vöruhúsinu.

Áherslur í skólastarfi 2012

Í öðrum kafla skólasamnings 2010 – 2012 er fjallað um markmið fyrir árið 2010-2012. Markmiðin eru sett fram í sex liðum: Nám, nemendur, kennsla, stjórnun, fjármál og samstarf. Hér á eftir verður fjallað um hvern lið.

Nám

Úr skólasamningi 2010-2012 eru áherslur og markmið varðandi nám sett fram í liðum a) til e) og hver liður er svo útfærður með tímasettum markmiðum.

1. *Nám: Tekin verði upp ný námskrá og að starfsnám og verk- og listnám verði eflt*
    a. *að námið verði skipulagt út frá nýjum lögum um framhaldsskóla og nýrri aðalnámskrá*
        i. *að gengið verði frá nýju skipulagi á vorönn 2012*
        ii. *að nám samkvæmt nýju skipulagi hefjist á haustönn 2012*

Ekki náðist að ljúka vinnu við nýtt skipulag á vorönn 2012 eins og fyrirhugað var. Námskrárhópur sem í voru tveir kennarar ásamt skólameistara gekk frá drögum að brautaskipulagi og unnið var töluvert í nýrri skólanámskrá. Á haustönn var þráðurinn tekinn upp og tveir nýir kennarar bættust við inn í námskrárhópinn. Óskað var eftir að kennarar tækju að sér að skrifa nýjar áfangalýsingar, hver í sínum greinaflokki. Farið var yfir brautalýsingar og þær lagfærðar. Auk þess var unnið lítillega í skólanámskrá. Á önninni var endanlega ákveðið að sækja um að taka upp nýtt skipulag náms við skólann á haustönn 2013 og að umsókn þar að lútandi yrði send til ráðuneytisins í lok febrúar 2013.

    b. *að þróað verði nýtt **nám í fjallaleiðsögn** í samvinnu við starfsgreinaráð ferðaþjónustu, Ríki Vatnajökuls, Þekkingarnet Austurlands, Háskólasetrið á Hornafirði og hagsmunaaðila*
        i. *Að námið verði tilraunkennt frá haustönn 2010 til vorannar 2012*
        ii. *Að námið verði hluti af formlegu námi skólans frá og með haustönn 2012*

Á vorönn 2012 var haldið áfram með nám í fjallamennsku sem hófst í desember 2010 á formi heildstæðs námskeiðspakka. Námið var skipulagt sem lotubundið kvöld- og helgarnám með verkefnabundnu vefnámi á milli lotna. Fengnir voru sérfræðingar á hverju sviði til kennslunnar og einn starfsmaður skólans ásamt skólameistara hélt utanum námið og skipulag þess. Um vorið útskrifuðust 11 nemendur í fjallamennsku frá skólanum.

Í byrjun árs var unnið að skipulagi námsbrautar í fjallamennsku sem byggði á námskeiðapakkanum sem þá var í tilraunakennslu. Skrifaðar voru brautarlýsingar og samdar áfangalýsingar og umsókn um tilraunakennslu sérnámspakka í fjallamennsku var send inn til ráðuneytisins fyrir lok febrúar. Sérnámspakkinn var 60 einingar og við það miðað að hann gæti verið hluti af framhaldsskólaprófi eða stúdentsprófi á kjörnámsbraut en brautalýsingar þeirra brauta lágu þá fyrir í drögum. Námið skiptist í bóklegt nám, verklegt útinám, ferðir á eigin vegum og starfsþjálfun. Námið var auglýst og kynnt um vorið og um haustið hófu 8 nemendur nám í fjallamennsku. Um vorið var einnig auglýst eftir kennara sem myndi vera aðalkennari í náminu og þá einkum verklega hlutanum.

Alls komu fimm kennarar að kennslunni á haustönn. Auk aðalkennarans komu þrír að kennslunni í bóklegum greinum og í verklega útináminu voru kennararnir tveir. Námið gekk vel og samkvæmt áætlun.

Sótt um styrk til að þróa nám í fjallamennsku á 4. þrepi og til að samþætta námið við nám sem fer fram innan starfandi fyrirtækja í greininni. Styrkur fékkst til að ganga frá áfangalýsingum og þróa námsefni í fjallamennsku.

c. *Að komið verði á **námi í fiskvinnslu** við skólann undir merkjum Fisktækniskóla Íslands*
   i. *Að myndað verði fagráð skólans, Þekkingarnets Austurlands og fiskvinnslufyrirtækja á Höfn á vorönn 2011*
   ii. *Að nám í fiskvinnslu verði undirbúið á árinu 2011*
   iii. *Að nám í fiskvinnslu verði í boði á vorönn 2012*

Námið í fiskvinnslu í samvinnu við Fisktækniskólann gekk ekki eftir og ekki náðist að bregðast við því og koma á öðru skipulagi í staðinn. Viðræður hafa þó átt sér stað við Menntaskólann á Tröllaskaga, sem vinnur að þróun fiskvinnslunáms, um uppbyggingu náms í fiskvinnslu.

d. *Að nám sem byggir á verkefna- og rannsóknarvinnu á þriðja þrepi náms verði eflt*
   i. *Lokið verði við þróunarverkefnið **FAS og grenndarsamfélagið** á vorönn 2011 og unnið að áframhaldandi þróun í anda þess*

Haldið var áfram að vinnu við að þróa verkefna- og rannsóknavinnu við skólann. Í vistfræði var regluleg fuglatalning og álftastofninn í Lónssveit var athugaður sérstaklega. Gróðurframvindurannsóknir á birki á Skeiðarársandi héldu einnig áfram svo og jöklamælingar við Heinabergsjökul. Styrkur fékkst frá *Vinum Vatnajökuls* til að gera þessar rannsóknir sýnilegar á vef skólans. Unnið var að því á vorönn og var vefsvæðið opnað í maí. Sjá vefslóð: http://nattura.fas.is/

Verkefnaáfangar í náttúrvísindum og félagsvísindum voru samstilltir og kennarar í áföngunum unnu að því að gera sambærilegar kröfur í þeim um vinnulag. Eins og áður skiluðu nemendur vinnu sinni með opinberri kynningu sem auglýst var út fyrir veggi skólans og verkefni nemenda birtust einnig í tímaritinu *Skaftfellingi*. Í nýrri námskrá er gert ráð fyrir að verkefnavinna af þessum toga verði skylda.

e. *Að efla verk- og listnám við skólann til að auka fjölbreytileika náms og stuðla að vexti skapandi greina á svæðinu*
   i. *Lokið verði við verkefnið **FAS og grasrótarlistnám** á vorönn 2011 og í kjölfarið verði reynslan metin og unnið að áframhaldandi endurbótum*
   ii. *Að á árinu 2011 verði komið á samstarfi skólans og annarra fræðsluaðila á svæðinu með það í huga að móta heildstæða stefnu í verk- og listnámi á svæðinu frá leikskólum til fullorðinsfræðslu*

Á árinu var áfram unnið að þróun og uppbyggingu verk- og listnáms. Í byrjun árs var gengið frá skýrslu starfshóps á vegum FAS og sveitarfélagins þar sem lagt var til að Vöruhúsið, fyrrum verslunarhús Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, yrði nýtt til að byggja upp sameiginlega aðstöðu í verk- og listnámi fyrir grunnskólann, framhaldsskólann, framhaldsfræðsluna og starfandi listamenn.

Boðið var upp á áfanga í ljósmyndun á haustönn 2011. Á vorönn var unnið áfram í hugmyndavinnu varðandi uppbyggingu á því sviði og á haustönn var komið upp kennslustofu í ljósmyndun í Vöruhúsinu en í því húsi er þegar komin sameiginleg aðstaða grunnskólans og FAS í verk- og listnámi.

Í mótun skipulags náms til framhaldsskólaprófs var lögð áhersla á að auka til muna verk- og listnám við skólann sem myndi þá einnig nýtast nemendum í stúdentsnámi en gert er ráð fyrir í nýju skipulagi skólans að allir nemendur í stúdentsnámi ljúki minnst einum áfanga í verk- og listgreinum. Í nýju skipulagi er einnig gert ráð fyrir að allir nemendur skólans taki þátt í opnum dögum sem segja má að séu þemadagar í verk- og listnámi. Félagslíf nemenda skólans sem nú er orðinn hluti af námi þeirra í skólanum byggir á starfi klúbba sem að verulegu leyti snýst um verk- og listnám af ýmsum toga.

Í vinnu við uppbyggingu verk- og listnáms við skólann og við uppbyggingu Vöruhússins var leitað í smiðju Iðnskólans í Hafnafirði. Skólameistari fór í heimsókn í skólann og kynnti sér starfsemi á hönnunarbrautinni og deildarstjóri þeirra brautar kom einnig austur til ræða uppbyggingu Vöruhússins og þróun náms í FAS í verk- og listgreinum.

Rætt var við starfandi fatahönnuð á svæðinu um uppbyggingu og þróun náms í textíl og ræddir möguleikar á að nýta sameiginlega aðstöðu og tæki. Einnig var óskað eftir aðstoð við að þróa áfanga í fatasaum við skólann.

Á haustönn var kenndur áfangi í sjónlist. Kennarinn er með menntun í hönnun frá Hollandi og tók auk kennslunnar virkan þátt í hugmyndvinnunni varðandi Vöruhúsið og nýja námskrá við skólann.

Í tilefni af 25 ára afmæli FAS og 10 ára afmæli Nýheima var haldin ráðstefna um menntun í október. Í lok ráðstefnunnar var skrifað undir viljayfirlýsingu um uppbyggingu Nýheima næstu tíu ár. Undir yfirlýsinguna skrifuðu mennta- og menningarmálráðherra, atvinnumála- og nýsköpunarráherra, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar og forstöðumenn í Nýheimum. Í samræmi við yfirlýsinguna var skipaður starfshópur á vegum ráðuneytanna, sveitarfélagsins og Nýheima til að móta tillögur um uppbyggingu Nýheima næstu á 10 árum. Tillögurnar voru kynntar mennta- og menningarmálráðherra í desember og í þeim var lagt til að þrjú verkefni yrðu sett í forgang. Í fyrsta lagi að koma á formlegu samstarfi innan Nýheima. Í öðru lagi að koma á nýju skipulagi framhaldsfræðslu á svæðinu og í þriðja lagi að byggja upp verk- og listnámsaðstöðu í Vöruhúsinu.

2. *Nemendur: Að auka virkni nemenda og ábyrgð á eigin námi*
    a. *Að fundnir verði mælikvarðar á vinnu nemenda innan og utan kennslustunda á vorönn 2011*
    b. *Að sett verði markmið á haustönn 2011 um aukna virkni nemenda*
    c. *Að hækkað verði á samningstímanum það hlutfall nemenda sem vinnur innan skólans eftir skýru vikuskipulagi í námi utan kennslustunda*

Eitt megin viðfangsefni kennarafunda á árinu var að auka virkni nemenda og ábyrgð á eigin námi. Á vorönn var tekið upp nýtt kerfi varðandi viðveru nemenda, hvernig staðið er að tilkynningu á fjarveru og viðbrögðum skólans vegna þeirra. Miðað er við að veikindi séu tilkynnt og aðrar óhjákvæmilegar fjarvistir einnig. Óski nemandi eftir að fá frí úr tíma án þess að það teljist til óhjákvæmilegar fjarvista þá þarf hann að semja um það við hvern kennara.

Á uppgjörsfundi í maí var töluvert rætt um virkni nemenda og ákveðið að á haustönn yrði virknin mæld og gefin einkunn fyrir hana í hverjum áfanga. Á haustönn var áfram mikið rætt um virkni nemenda innan og utan kennslustunda. Niðurstaða þeirrar umræðu var sú að margir kennarar tók upp nýtt skipulag náms og kennslu á vorönn 2013 sem fól meðal annars í sér að hver vika var sjálfstæð eining sem einkunn fæst fyrir, bæði vegna verkefnavinnu og virkni. Ákveðið hefur verið að leggja mat á það á vorönn 2013 með formlegum hætti hvernig og í hvaða mæli þessar breytingar hafi aukið virkni og vinnu nemenda.

3. *Kennsla: Að auka menntun kennara og hækka hlutfall fastráðinna kennara*

    a. *Að kennurum verði gert kleift að auka og viðhalda hæfni sinni samhliða kennslu*
        i. *Talið verði hve margir kennarar stunda nám og sækja námskeið á hverri önn.*
    b. *Að kennurum verði gert kleift að ná sér í kennsluréttindi samhliða kennslu*
    c. *Að fastráðnir réttindakennarar verði í öllum greinaflokkum og umfangsmiklum kennslugreinum á haustönn 2012.*

Ekki hefur verið haldið skipulega utan um fjölda námskeiða eða hve margir kennarar stunda nám á hverri önn. Kennarar sem ekki hafa réttindi eru hvattir til að fara í réttindanám og allt gert til að auðvelda þeim það svo sem með því að þeir halda óbreyttum launum þó þeir þurfi að vera frá kennslu vegna náms í staðlotum. Fastráðnir kennarar sem eru í fullu starfi eru níu á haustönn 2012 en eins og undanfarin ár er staðan hvað varðar fastráðningar verst í stærðfræði og náttúrufræði.

4. *Stjórnun: Að auka lýðræði við stjórnun skólans bæði gagnvart starfsmönnum og nemendum*
    a. *Að ábyrgðasvið og valdsvið hvers starfsmanns verði rætt og ákveðið fyrir upptöku nýs skipulags á haustönn 2012*
    b. *Að ábyrgð og völd nemenda hvað varðar félagslíf þeirra verði aukið*
        i. *Að ánægja nemenda með félagslífið verði mælanlega meiri á haustönn 2011 en hún var samkvæmt mælingu í skólamati á haustönn 2010*

Upptöku á nýju skipulagi var frestað um eitt ár og því náði markmið í a-lið ekki fram að ganga en nú eru unnið að uppstokkun á öðrum störfum en kennslu samhliða upptöku nýrrar námskrár á haustönn 2013.

Mælingin á félagslífi sem átti að fara fram á haustönn 2011 fór fram á vorönn 2012. Niðurstöðurnar voru í stuttu máli þær að um 85% nemenda voru sáttir eða ánægðir með

félagslífið en á haustönn 2010 voru einungis um þriðjungur nemenda sáttir eða ánægðir. Um þetta er fjallað í sjálfsmatsskýrslu fyrir veturinn 2011-2012, blaðsíðu 5-6 samanber meðfylgjandi vefslóð: http://www.fas.is/images/stories/sjalfsmat/matsskyrsla_2011-2012.pdf

5. *Fjármál: Að rekstur skólans verði innan fjárheimilda og að gætt verið aðhalds í rekstri*
    a. *Að farið verði yfir rekstrarliði utan launa með það í huga að spara með því að leita eftir samvinnu við aðila utan stofnunar*
    b. *Vinnuskipulag kennara verði rætt og skoðað hvort hækka megi árslaun kennara með því að fjölga vinnudögum.*

Rekstur skólans á árinu 2012 var um 10 miljónir umfram heimildir. Þar af voru um 4 milljónir vegna launa og um 6 milljónir vegna reksturs. Hluti 6 milljónanna var vegna greiðslu launa og til annarra skóla vegna kennslu nemenda í FAS. Uppsafnaður afgangur skólans frá fyrri árum kláraðist líka. Það er því ljóst að rekstur ársins 2013 verður erfiður en þó er stefnt að því að hann verði innan fjárheimilda. Helsta skýringin á stöðu skólans eru sú að sú mikla þróunarvinna sem farið hefur fram innan skólans hefur kostað mikil útgjöld en ekki skilað nægum fjölda nemendaígilda til að standa undir þeirri vinnu. Því verður helst horft til þess að skera niður kostnað við þróunarvinnu sem ekki hefur verið fjárhagslega tryggð með styrkjum eða á annan hátt. Jafnfram verður reynt að tryggja að nemendaígildi við skólann dragist ekki saman.

6. *Samstarf: Að standa vörð um og rækta það samstarf sem er í gangi*
    a. *Samstarf við aðra í Nýheimum*
    b. *Samstarf við sveitarfélagið Hornafjörð*
    c. *Samstarf við aðra framhaldsskóla á Austurlandi*
    d. *Samstarf við Tækniskólann*
    e. *Samstaf við Fisktækniskólann*
    f. *Samstarf við fyrirtæki og félög á Suðausturlandi um þróun náms*
    g. *Samstaf við Fjölbrautaskóla Norðurlands-Vestra, Menntaskólann á Tröllaskaga og Háskólann að Hólum um þróun ferðaþjónustu.*
    h. *Annað tilfallandi samstarf, svo sem um fjarnám og fjarkennslu.*

Samstarf í Nýheimum var áfram öflugt á árinu. Mest hefur samstafið verið við Rannsóknasetur Háskóla, Þekkingarnet Austurland og Austurbrú eftir að hún tók yfir starfsemi Þekkingarnetsins í Nýheimum. Austurbrú, Sveitarfélagið Hornafjörður og FAS gerður í maí samning um að halda áfram uppbyggingu framhaldsfræðslu og fjarnáms á háskólastigi með yfirtöku Austurbrúar á verkefnum Þekkingarnetsins í Nýheimum. Samningurinn gildir út árið 2013. Samstarf við skólaskrifstofu sveitarfélagins jókst mikið eftir að skrifstofa hennar fluttist í Nýheima. Töluvert samstarf hefur einnig verið við Menningarmiðstöð, *Ríki Vatnajökuls* og Matís um ýmiskonar þróunarverkefni. Síðasta hluta ársins beindist samstarfið í Nýheimum einkum að vinnu við að móta framtíðarsýn Nýheima til næstu 10 ára. Sjá viðauka 1.

Samstarfið við Sveitarfélagið Hornafjörð hefur einkum verið í tengslum við þróun Nýheima og uppbyggingu Vöruhússins samanber umfjöllun hér framar í skýrslunni. Sjá einnig tillögur starfshóps um uppbygginguna í viðauka 2.

Heldur hefur dregið úr samstarfi framhaldsskólanna á Austurlandi eftir að formlegur samstarfssamningur rann út. Þó er samstarf áfram um sameiginlegan rekstur á vefkennslukerfi en í því samstarfi er einnig Framhaldsskólinn á Húsavík og Þekkingarnet Austurlands og síðari hluta árs Austurbrú. Skólarnir halda þó áfram samstarfi um fjarkennslu á styttri starfsnámsbrautum. Unnið var töluvert við að skoða möguleika á að bjóða upp á matartækninám og líkur eru á að það hefjist á haustönn 2013. VA, ME og FAS hafa einnig í mörg ár verið í samstafi við skóla í Tríer í Þýskalandi til að efla þýskufærni nemenda. Í gegnum það verkefni fóru nemendur frá skólunum til Tríer og tóku á móti nemendum þaðan.

Samstarfið við Tækniskólann um nám á A og B stigi vélstjórnar hélt áfram á árinu en ekkert varð að samstarfi við Fisktækniskólann eins og áður hefur komið fram.

Hvað varðar samstarf við fyrirtæki og stofnanir þá hefur það einkum beinst að ferðarþjónustufyrirtækjum. Styrkur fékkst til að móta menntastefnu með ferðaþjónustufyrirtækjum á Suðausturlandi og hefur starfsmaður skólans haft samband við fyrirtækin á svæðinu í þessu skyni. Auk þess var í tengslum við fjallanámið haldið námskeið í *fyrstu hjálp í óbyggðum* á vegum Landsbjargar. Einnig hefur verið samstarf við fatahönnunarfyrirtæki á svæðinu eins og áður hefur komið farm.

Samstarf sem tilgreint er í g-lið hér að ofan er ekki lengur við líði.

Framhaldsskóli Snæfellinga, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Menntaskólinn á Egilsstöðum og FAS sóttu um í byrjun árs að bjóða sameiginlega upp á fjarnám til stúdentsprófs með áherslu á umhverfis- og auðlindafræði. Námið fór af stað á haustönn.

Erlent samstarf hefur í mörg ár verið mjög öflugt við skólann. Listi yfir það helsta er á vef skólans á meðfylgjandi vefslóð:
http://www.fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=446&Itemid=132

Á árinu fékk skólinn viðkenningar fyrir verkefni sem unnin voru annars vegar við skóla í Litháen (http://aer.fas.is/) og hins vegar fyrir verkefni með skóla í Póllandi (http://icepo.fas.is/) . Samanber fréttir á vef skólans:
http://www.fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=914&Itemid=58
http://www.fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=870&Itemid=58

Einnig var á árinu tekið þátt í erlendum olíuleitarleik eins og undanfarin ár. Í maí fóru starfsmenn Nýheima til Söderhamn í Svíþjóð til að kynna sér sambærilega uppbyggingu þar eins og átt hefur sér stað í Nýheimum og á Höfn. Við það hafa myndast tengsl sem leitt hafa til áframhaldandi samstarfs um listnám, tómstundastarf og fullorðinsfræðslu. Tengslin við Skandinavíu liggja víðar því í haust komu í heimsókn kennarar frá ferðaþjónustuskóla í Lillehammer í Noregi og í kjölfarið var sótt um Nordplus-styrk til að koma á formlegum tengingum á milli FAS og skólans þar.

Til viðbótar þessum erlendu verkefnum er vert að nefna þrjú verkefni. Í fyrsta lagi hefur sveitarstjórinn í Skaftárhreppi óskað eftir að skólinn bjóði íbúum sveitarfélagins upp á nám á framhaldskólastigi og á sviði framhaldsfræðslu. FAS var kynntur á opnum almennum fundi á Klaustri og samstarf er einnig að þróast í tengslum við uppbyggingu á framhaldsfræðslu á Suðausturlandi og Klausturstofu. Í öðru lagi hefur skólinn tekið þátt í Heilsuskólaverkefninu á vegum Landlæknisembættisins sem hefur nýst vel til að vinna að

þróun skólans hvað varðar hollt fæði og hreyfingu. Í þriðja lagi er FAS þátttakandi í samstarfsverkefninu Lærdómssamfélagið Hornafjörður þar sem unnið er að því í skólasamfélaginu á móta heildarskipulag varðandi grunnþætti skólastarfs. Sjá nánar á vef verkefnisins. http://www.laerdomssamfelagid.is/

Lokaorð

Hér að framan hefur í stuttu máli verið rakin vinna við að ná þeim markmiðum sem sett voru í skólasamningi 2010 – 2012. Í flestum efnisflokkum hefur eitthvað áunnist. Umfangsmesta vinnan hefur verið mótun nýrrar námskrár, þróun Vöruhússins og uppbyggingu Nýheima. Alvarlegasta ógnunin við þróun skólans á næstu árum er fjárhagslega staða hans á árinu 2013. Mikilvægt er að fjárhagsleg staða verði tryggð á árinu til að það öfluga uppbyggingarstarf sem einkennt hefur skólann á undanförnum árum haldi áfram.

Mars 2013, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari

Viðauki 1

Nýheimar - vettvangur skapandi samvinnu

Tillögur starfshóps vegna viljayfirlýsingar

Inngangur

Greinargerð þessi er unnin á grundvelli viljayfirlýsingar, dags. 3. okt. 2012, um viðræður um eflingu starfsemi á sviði menntunar, menningar, rannsókna og nýsköpunar í Nýheimum. Í vinnuferlinu komu ennfremur fram hugmyndir um að víkka starfssvæði Nýheima þannig að það næði til Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Skaftárhrepps, í samvinnu við Kirkjubæjarstofu og aðra þekkingaraðila á Suðausturlandi. Gerð er grein fyrir þremur helstu áherslusviðum uppbyggingar næstu ára að mati starfshóps sem og framtíðarsýn Nýheima til næstu 10 ára. Starfshópinn skipuðu fulltrúar frá: Austurbrú á Hornafirði, Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu, Fræðsluskrifstofu Hornafjarðar, Matís á Hornafirði, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Hornafirði, Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Hornafirði, Ríki Vatnajökuls ehf. ferðaþjónustu-, matvæla- og menningarklasa Suðausturlands, Sveitarfélaginu Hornafirði og frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Hugmyndafræði Nýheima

Fyrir 10 árum hófst starfsemi í Nýheimum að frumkvæði Sveitarfélagsins Hornafjarðar með góðum stuðningi stjórnvalda og háskólaumhverfisins. Frá upphafi hafa Nýheimar verið ***vettvangur skapandi samvinnu*** um eflingu menningar, menntunar, rannsókna og nýsköpunar í byggðarlaginu.

Á grunni þessa samstarfs hefur margvíslegur árangur náðst. Á 10 árum hefur Nýheimum í samvinnu við fyrirtæki, sveitarfélagið, stofnanir á landsvísu, ráðuneyti og ýmsa aðra aðila tekist að þróa öflugt starf, einkum á sviði ferðaþjónustu og matvæla.Til að auka styrk samfélags þarf að örva innri drifkraft svæða, sbr. eftirfarandi mynd:



Fjórir meginþættir verða að vera til staðar og vinna saman til að ýta undir þessa þróun:

- Efla þarf **menningu** og listir með félagsstarfi og öðrum verkefnum sem fær fólk til að hittast, mynda tengsl og læra að treysta á hvort annað í samvinnu. Þannig eykst félagsauður í samfélaginu sem er forsenda þess sem á eftir kemur.
- Auka þarf aðgengi að **menntun** sem stuðlar að færni og eflir sjálfstraust. Menntun er mikilvægur þáttur í daglegu lífi fólks alla ævi; frá leikskóla til grunnskóla, framhaldsskóla, framhaldsfræðslu, háskólanáms eða annars sérhæfðs náms. Mikilvægt er að efla list- og verkgreinar, sérstaklega til að auka fjölda þeirra sem ljúka formlegu framhaldsnámi.
- Styrkja þarf **rannsóknastarf** með eflingu grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna. Hlutverk rannsókna er að uppgötva nýja þekkingu, þróa nýja ferla og flytja þekkingu frá einum aðila til annars. Rannsóknarstarf er mikilvæg forsenda þróunar, nýsköpunar og virðisaukningar.
- **Nýsköpun** er drifkraftur breytinga og þróunar. Hvetja þarf til nýsköpunar- og frumkvöðlastarfs með stuðningi, ráðgjöf, menntun og rannsóknum. Styðja þarf við nýja vaxtarsprota, þróun starfandi fyrirtækja og vöruþróun. Mikilvægt er að draga fram mikilvægi skapandi greina í hagkerfinu og tengja við þær greinar sem sterkar eru í sveitarfélaginu.

Sameiginlega mynda þessir fjórir þættir grundvöll fyrir byggðaþróun, uppbyggingu atvinnulífs og aukin lífsgæði íbúa Suðausturlands.

Uppbygging Nýheima næstu tíu árin

Mikilvægt er að sveitarfélög búi yfir getu til að takast á við síbreytilegar áherslur og ný verkefni sem snerta breytingar á samfélögum og umhverfi. Hér eftir sem hingað til munu Nýheimar gegna mikilvægu hlutverki við að efla og styrkja innri drifkraft svæðisins, styðja þróun til framtíðar og uppbyggingu skapandi úrlausna, skapandi samfélags. Lykillinn að því felst í að festa samstarfið innan Nýheima betur í sessi með sameiginlegri áætlanagerð um málefni Nýheima, með stofnun sameiginlegrar skrifstofu og með eflingu samstarfsverkefna bæði innan Nýheima og á svæðinu öllu með samstarfi við aðra þekkingaraðila. Ný skrifstofa mun brúa betur bilið milli Nýheima, atvinnulífs, sveitarfélaga, ríkis, stofnana og annarra svæða.



Markmið Nýheima næstu tvö árin

Vinna að framkvæmdaáætlun fyrir Nýheima 2012-2022 og að eftirtöldum þremur forgangsverkefnum (sjá nánari lýsingu hér á eftir):

- Stofna Þekkingarsetur Nýheima.
- Stofna Framhaldsfræðslu Nýheima og efla nám á háskólastigi.
- Byggja upp Vöruhúsið til að efla skapandi greinar.



Markmið Nýheima næstu tíu árin

Vinna samkvæmt framkvæmdaáætlun fyrir Nýheima 2012-2022 með sérstakri áherslu á eftirfarandi svið:

- Efla hlut skapandi greina í samfélaginu.
- Sækja fram á sviði vistvænna orkugjafa og nýsköpunar í orkumálum.
- Stuðla að áframhaldandi þróttmiklu starfi á sviði ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu.

Forgangsverkefni 1: Þekkingarsetur Nýheima
Stofnuð verður sjálfseignarstofnun um samstarf og hugmyndafræði Nýheima með aðild starfandi stofnana og fyrirtækja í Nýheimum, auk annarra tengdra aðila.
Þekkingarsetrið starfi eftir stofnskrá. Helstu markmið þess eru:

- Vinna að uppbyggingu heildstæðs þekkingarstarfs á Suðausturlandi
- Vinna að aukinni samheldni í samfélaginu, auknu trausti í samskiptum milli einstaklinga, fyrirtækja og stofnana og virkri félagslegri þátttöku íbúa,
- Stuðla að uppbyggingu starfsemi sem tryggir aðgengi að fjölbreyttu og góðu námsframboði fyrir íbúa Suðausturlands, alla ævi
- Efla grunnrannsóknir á náttúrufari og samfélagi á Suðausturlandi,
- Vera leiðandi afl í að byggja upp samstarf atvinnulífs, stofnana, einstaklinga og opinberra aðila til að örva nýsköpun, auka fjölbreytni í atvinnulífi og fjölga störfum á starfssvæðinu

Þekkingarsetrið annast sameiginleg málefni Nýheima s.s. kynningarmál og samfélagstengsl.
Þekkingarsetrið verður samstarfsvettvangur Nýheima við Kirkjubæjarstofu og aðra þekkingaraðila á Suðausturlandi.
Þekkingarsetrið starfar sjálfstætt, sem og að þverfaglegum verkefnum stofnana Nýheima og samstarfsaðila þess.

Markmið með stofnun Þekkingarseturs Nýheima.

- Formgera og efla samstarf og starfsemi þeirra stofnana sem eiga aðild að Nýheimum
- Vinna að gagnvirkri miðlun þekkingar innan samfélagsins til að stuðla að eflingu þess
- Vinna að uppbyggingu og þróun Nýheima samkvæmt framkvæmdaáætlun 2012-2022

Verkefni starfsmanna Þekkingarseturs Nýheima.

- Starfa samkvæmt 10 ára framkvæmdaáætlun Nýheima
- Sinna innra starfi Nýheima
- Hafa yfirsýn yfir starfsemi allra stofnana í Nýheimum
- Sinna markaðssetningu Nýheima
- Halda utan um vefsíðu Nýheima
- Leiða sameiginleg verkefni samkvæmt ákvörðun Nýheimaráðs
- Koma með tillögur að nýjum sameiginlegum verkefnum, eða samþættingu verkefna
- Halda utan um ráðstefnur og aðra viðburði á vegum Nýheima
- Byggja upp og viðhalda gagnvirkum tengslum við atvinnulífið og samfélagið

Forgangsverkefni 2: Framhaldsfræðsla Nýheima

1. Stofnað verður félag um framhaldsfræðslu Nýheima. Aðild eiga Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (FAS), Sveitarfélagið Hornafjörður, Afl starfsgreinafélag, atvinnurekendur og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði.
2. Leitað verður eftir samstarfi við nærliggjandi sveitarfélög, aðrar símenntunarmiðstöðvar, Fræðslusjóð og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
3. Starfsemi framhaldsfræðslu Nýheima hefur eftirfarandi hlutverk:

a) að uppfylla skilyrði laga um framhaldsfræðslu.

- Nám sniðið að þörfum fólks á vinnumarkaði með stutta formlega menntun, raunfærnimat og náms-og starfsráðgjöf á vinnumarkaði.

b) bjóða upp á almenn námskeið svo sem tómstundanámskeið og stutt fræðslunámskeið.

c) að sinna þjónustu við háskólanemendur og efla háskólanám.

- Þjónusta við nemendur í fjarnámi, efla háskólanám í samvinnu við Rannsóknasetrið hvað varðar rannsóknir, námskeið og námskeiðshluta fyrir nemendur á grunn-, meistara- og doktorsstigi.

d) að sinna almennri menntun og starfsmenntun fyrir fólk á vinnumarkaði með stutta formlega menntun.

- Efla nám á framhaldskólastigi í samræmi við markmið 2020 áætlunarinnar um að hækka menntunarstig þjóðarinnar.
- Efla nám í matvælaframleiðslu og þjónustugreinum, einkum ferðaþjónustu.
- Efla nám í skapandi greinum með þátttöku í list-og verkgreinamiðstöð.
- Efla nám á framhaldsskólastigi í fiskvinnslu og veiðum.
- Efla frumkvöðlanám.
- Efla nám í umhverfis- og auðlindafræðum og orkugreinum.

4. Efnt verður til náins samráðs og samstarfs við Fræðslusjóð.
5. Til þess að fá viðurkenningu sem löggiltur framhaldsfræðsluaðili er lögð til náin fagleg samvinna við FAS og Rannsóknasetur H.Í. á Hornafirði.

Samvinna við FAS getur falið í sér:

- FAS hefur umsjón með fjárreiðum framhaldsfræðslunnar
- Náms- og starfsráðgjafi verður ráðinn til að sinna náms- og starfsráðgjöf á vinnumarkaði og við nemendur FAS.
- Leitað verður til kennara FAS og Rannsóknasetursins með kennslu á námskeiðum og eftir námskrám FA.

Forgangsverkefni 3: Skapandi greinar – Skapandi samfélag

Lagt er til að Vöruhúsið verði miðja uppbyggingar skapandi greina í Sveitarfélaginu Hornafirði. Vöruhúsið er í hjarta Hafnar, á þremur hæðum og um 1.300 m^2. Þar verður byggt upp fjölþætt, þverfaglegt samstarf milli skóla, fyrirtækja og íbúa um skapandi greinar og styrkingu atvinnulífs. Neðangreindar tillögur eru unnar upp úr skýrslunni List- og verkgreinar í Vöruhúsi frá 2. mars 2012 sem unnin var af hópi um uppbyggingu list- og verkgreina.

Meginmarkmið með uppbyggingu skapandi greina á Hornafirði eru:

- Efla hlut skapandi greina í samfélaginu með því að byggja á sérstöðu svæðisins, náttúru og tengslum við rótgrónar atvinnugreinar.
- Auka menntun og menningu með hönnun og listum.
- Auka hluta list- og verkgreina í námi og tómstundastarfi barna, ungmenna og fullorðinna.
- Tengja saman skóla, atvinnulíf og frumkvöðlastarf í list- og verkgreinum.
- Gefa hönnuðum og listamönnum sem búa á staðnum tækifæri til að efla sig.
- Mynda tengsl við önnur skapandi svæði, innanlands og utan.

Markmið eftir tvö ár eru:

- Að rými fyrir kennslu í list- og verkgreinum á grunn- og framhaldsskólastigi verði aukin.
- Koma upp góðri aðstöðu fyrir hljómsveitir og tónlistarfólk.
- Að listamenn, hönnuðir og handverksfólk hafi kost á að leigja aðstöðu í Vöruhúsinu.
- Hefja uppbyggingu á verkstæðum sem nýtast einnig fyrir handverksfólk, hönnuði og við námskeið. Markmiðið með þeirri uppbyggingu verði vöruþróun og nýsköpun.
- Uppbygging á FabLab.
- Koma af stað lista- og hönnunarbrautum.
- Skapa vettvang fyrir samstarf listamanna við fyrirtæki á svæðinu og skóla.

Markmið eftir fimm ár eru:

- Hönnun kennd sem valgrein í grunnskóla og framhaldsskóla.
- MA nám í hönnun í samstarfi við Listaháskólann búið að skjóta rótum.
- Listamenn og hönnuðir verði þátttakendur í samfélaginu.
- Styðja við sviðslistir, með öflugu námsframboði og góðri aðstöðu.

Lokamarkmið:

- Skapandi greinar eru áþreifanlegur þáttur í menningu og atvinnulífi í Sveitarfélaginu Hornafirði.

List- og verkgreinar í Vöruhúsi

Skýrsla hóps um uppbyggingu list- og verkgreina
2. mars 2012

Starfshópurinn
Starfshópinn skipuðu, samkvæmt tillögu bæjarstjóra, eftirtaldir einstaklingar: Eiríkur Hansson handmenntakennari í Grunnskóla Hornafjarðar, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu, Guðlaug Pétursdóttir starfsmaður Menningarmiðstöðvar, Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson umhverfis- og byggingarfulltrúi, Stefán Ólafsson framkvæmdastjóri fræðslu- og félagssviðs. Auk þess kom Hanna Dís Whitehead hönnuður að störfum hópsins. Einnig kom hingað austur Ástþór Ragnarsson, deildarstjóri listnáms við Iðnskólann í Hafnarfirði og fundaði með hópnum og starfsmönnum FAS. Haldnir voru samtals átta formlegir fundir auk ýmissa samskipta milli funda. Starfshópurinn var sammála um að leggja til grundvallar tillögur hóps um uppbyggingu list- og verkgreina, sjá næsta kafla.

Hópur um uppbyggingu list- og verkgreina – tillögur í apríl 2011
Eftirfarandi er tekið orðrétt upp úr skýrslu þessa hóps:
Hópurinn telur að markmið með uppbyggingu list- og verkgreina sé að:

- *Efla hlut skapandi greina í samfélaginu með því að byggja á sérstöðu svæðisins, meðal annars með nýtingu jarðefna sem finnast á svæðinu, forma og lita í náttúrunni og tengsl við rótgrónar atvinnugreinar eins og matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu.*
- *Auka menningu með hönnun og listum og gefa íbúum möguleika á að njóta þess.*
- *Gefa öllum íbúum möguleika að efla sig í gegnum margskonar listir, s.s. sviðslistir, hönnun, tónlist og ritlist.*
- *Gefa hönnuðum og listamönnum sem búa á staðnum tækifæri til að efla sig.*
- *Mynda tengsl við önnur svæði, innanlands og utan.*
- *Nemendur á grunn- og framhaldsskólans hafi möguleika á meira vali í list- og verkgreinum*
- *Auka hluta list- og verkgreina í tómstundastarfi barna, ungmenna og fullorðinna.*
- *Tengja saman skóla- og frumkvöðlastarf í list- og verkgreinum.*

Til að ná þessum markmiðum þarf að byggja þrennskonar aðstöðu, aðstaða til náms, aðstaða fyrir framleiðslu og aðstaða fyrir sölu og sýningar. Þessi uppbygging getur verið útfærð á ýmsan hátt. Til dæmis verður að skoða hvort hægt er að hafa aðstöðuna undir sama þaki og hvort til dæmis sölu- og sýningaraðstaða eigi ekki best heima í höndum fyrirtækja eða framleiðenda.

Markmið eftir tvö ár

a) Að rými fyrir kennslu í list- og verkgreinum á grunn- og framhaldsskólastigi verði aukin. Skoðað verði hvort nýta megi Vöruhúsið í heild sinni undir þessa starfsemi. Aðrir kostir skoðaðir ef það er ekki talið heppilegt.
b) Koma upp góðri aðstöðu fyrir hljómsveitir og tónlistarfólk.
c) Að listamenn, hönnuðir og handverksfólk hafi kost á að leigja aðstöðu af sveitarfélaginu eða öðrum aðilum á sanngjörnu verði. Horft verði til leigu í frumkvöðlasetrinu í Nýheimum sem fyrirmynd.
d) Hefja uppbyggingu á verkstæði fyrir handverksfólk og hönnuði. Aðgangur að verkstæðinu verði stýrt í gegnum námskeið. Markmiðið með þeirri uppbyggingu verði vöruþróun og nýsköpun.
e) Fyrsti vísir að hönnunarnámi á grunn-, framhalds- og háskólastigi líti dagsins ljós, meðal annars með uppbyggingu á Fablab og góðri aðstöðu fyrir tölvuvinnslu.

1

f) Fjölga kennurum á grunn- og framhaldsskólastigi.
g) Koma af stað lista- og hönnunarbrautum.
h) Byggja upp aðstöðu fyrir gestkomandi.

Markmið eftir fimm ár
a) Hönnun kennd sem valgrein í grunnskólum og framhaldsskólum.
b) MA nám í hönnun í samstarfi við Listaháskólann búið að skjóta rótum.
c) Listamenn og hönnuðir utanlands frá tíðir gestir í samfélaginu.
d) Ljúka uppbyggingu á verkstæði fyrir frumkvöðla.
e) Ljúka uppbyggingu á FabLab.
f) Standa við bakið á sviðslistum, með öflugu námsframboði og góðri aðstöðu.

Markmið eftir tíu ár
a) Greining liggi fyrir á árangri og þróun síðustu ára.
b) Byggt nýtt hús eða við annað hús sem hentar til að starfseminnar.

Hvers vegna Vöruhús?
Starfshópurinn leggur til að Vöruhús verði nýtt fyrir þau verkefni sem hópurinn hefur haft til umfjöllunar, a.m.k. fyrst í stað. Rökin fyrir því vali eru að þegar hafa verið leigðir samtals 534 fermetrar af húsinu fyrir kennslu í textíl- og handmenntagreinum og málmsmíði. Þessi hluti hússins hefur verið innréttaður með kennslu í þessum greinum huga. Aðstaða sem er á margan hátt mjög góð. Staðsetning hússins og nálægð þess við aðrar skólabyggingar vega einnig þungt. Þá býður húsið upp á að aðrar greinar komast þar vel fyrir og geta með því sem þegar er þar til staðar myndað góða heild fyrir kennslu og störf í list- og handmenntagreinum og um leið verða samlegðaráhrif þegar kemur að nýtingu á húsnæði og tækjum. Hafa verður í huga að Vöruhús er ekki byggt sem skólahúsnæði og nýting hvers fermetra gæti verið betri. Þó hefur húsið marga kosti og býður upp á fjölbreytta notkun. Sá galli er á kjallara hússins að lofthæð er of lítil. Þetta setur nýtingunni nokkrar skorður.
Það er mat starfshópsins að meta þurfi þann kost að byggja nýtt hús fremur en að leigja Vöruhús til langs tíma. Ekki er víst að slík bygging þyrfti að vera jafnstór Vöruhúsi, minni bygging gæti dugað ef skipulag hússins væri frá upphafi miðað við þá starfsemi sem þar á að fara fram. Í því húsi væri ekki gert ráð fyrir að félagsmiðstöð yrði innan veggja þess. Því er lagt til að á næstu tveimur árum, þ.e. á meðan núverandi leigusamningar eru að renna sitt skeið, verði tíminn notaður til að móta stefnu til frambúðar. Á þessum tveimur árum fáist um leið reynsla af sambýli þeirra sem húsið nýta.

Nýting hússins
Starfshópurinn leggur til að nýting hússins verði sem hér að neðan greinir. Í fyrsta lagi er um að ræða það svæði sem var leigt fyrir grunnskólann árið 2004 til 10 ára fyrir handmennta- og textílkennslu. Hefur þessi aðstaða reynst skólanum mjög vel. Í öðru lagi er í kjallara 205 fermetra svæði sem tekið var í notkun árið 2008 og gerður um það leigusamningur til fjögurra ára. Það hefur verið nýtt af FAS til kennslu í málmsmíði og að einhverju leyti af grunnskólanum til sömu kennslu. Í dag er þar keramikofn í eigu grunnskólans sem lagt er til að verði þar áfram. Menningarmiðstöð hefur einnig haft aðgang að þessum hluta hússins sem og handverksfólk í litlum mæli þó. Þessir hlutar hússins munu nýtast áfram fyrir sömu starfsemi og þar hefur verið og í einhverjum mæli fyrir starfsemi annarra hópa.

2

Annað svæði í kjallara, sem enginn leigusamningur er til um í dag, verði nýtt sem æfingasvæði fyrir hljómsveitir og sem geymslur. Einnig er lagt til að nýta hluta þess sem gestasvæði handverks- og listafólks. Þá voru ræddar hugmyndir um að á sama svæði mætti koma fyrir verslun handverksfólks og listamanna.
Í þeim hluta sem nýtt hefur verið fyrir jöklasýningu er lagt til að myndmennt komi á fyrstu hæð hússins auk þess að nýta hluta þess sem sameiginlegt rými. Einnig mætti nýta það fyrir ýmsa kennslu sem tengist því sem er í húsinu og sem svæði fyrir þá sem starfa þar að jafnaði. Einnig verði skoðað að koma þar upp ljósmyndaaðstöðu. Hluti af núverandi leiguhúsnæði grunnskólans er blautrými. Það hefur fyrst og fremst verið nýtt sem ræstikompa en er tilvalið herbergi fyrir framköllun á svart/hvítum ljósmyndun. Til greina kæmi að ljósmyndun verði á jarðhæð í gluggalausu rými. Á fyrstu hæð eru einnig tvö salerni og eru uppi efasemdir um að salernisaðstaða sé næg í húsinu öllu.
Á annarri hæð, nú nýtt fyrir jöklasýningu, er lagt til að verði félagsmiðstöð unglinga næstu tvö árin. Verði hins vegar af því að húsið verði leigt (keypt) til lengri tíma er lagt til að á þessa hæð komi heimilisfræðistofa. Þá þarf jafnframt að taka ákvörðun um staðsetningu félagsmiðstöðvar. Það er á margan hátt gott fyrir félagsmiðstöð að vera í handverkshúsi með möguleikum á fjölbreyttri klúbbastarfsemi. Á annarri hæð mætti einnig hafa gestasvæði fyrir handverks- og listafólk.
Þrátt fyrir að horft sé til þess að skipta svæðinu á milli greina leggur starfshópurinn áherslu á að flæði sé í húsinu þannig að nýting þess verði sem best. Það hamli starfseminni ef „landamæri" eru skilgreind með of ákveðnum hætti. Með því að hafa í sama húsi aðstöðu til heimilisfræðikennslu, myndmenntakennslu og ljósmyndun, handmenntakennslu, textílkennslu, leirbrennslu og kennslu í málmsmíði verða ákveðin samlegðaráhrif sem eru til góðs fyrir kennslu á grunn- og framhaldsskólastigi sem og fyrir lista- og handverksfólk.

Samningar vegna þeirra sem í húsinu starfa
Gerður verði samstarfssamningur milli allra fastra íbúa hússins. Í honum verði kveðið á um nýtingu rýma, samvinnu um ákveðin rými og hvað skuli teljast sérstök rými fyrir ákveðnar stofnanir.
Gerður verði samningur við alla þá sem koma tímabundið inn í húsið. Þar verði m.a. kveðið á um hvað viðkomandi hyggst vinna við, að hverju hann hafi aðgang og tíminn sem hann hyggst dvelja í húsinu við sína iðju. Hljómsveitir falla m.a. undir tímabundin afnot af húsinu.

Breytingar innan húss og verkfæri
Fyrst í stað er ekki gert ráð fyrir miklum breytingum vegna starfsemi í húsinu. Næstu tvö ár, september 2012 – júní 2014, verði að mestu búið við óbreytta húsaskipan að öðru leyti en því að jöklasýningin fari út. Ákvarðanir um minni háttar lagfæringar og lokanir verði teknar ef ástæða þykir til.
Til lengri tíma litið verður ekki komist hjá endurbótum og breytingum á húsnæðinu verði það áfram nýtt fyrir list- og verkgreinar. Þær breytingar munu byggja á þeirri reynslu sem fæst næstu tvö ár og þeirri framtíðarsýn sem þá liggur fyrir. Þar má m.a. benda á að lyfta, sem kostar um 10 millj. kr., verður að vera í húsinu, bæta þarf salernisaðstöðu, koma upp varanlegum geymslum fyrir muni og verkfæri, fjarlægja ónýtta loftstokka sem til staðar eru, setja upp loftræstikerfi, öryggiskerfi o.m.fl.
Með vaxandi umsvifum í húsinu verður að gera ráð fyrir að þörf verði fyrir fleiri verkfæri og tæki. Kostnaður við þau getur orðið umtalsverður en ekki hægt að leggja mat á hann fyrr en fyrir liggur um hvað er að ræða. Lagt er til að þau verkfæri og tæki sem tilheyra eingöngu

3

ákveðinni stofnun verði greidd af henni. Um þau verkfæri, sem nýtt eru af fleiri aðilum, þarf að liggja fyrir samkomulag um hver greiðir hvað.

Nauðsynlegar lagfæringar utan húss
Vöruhús er illa farið að utan. Veggir og gluggar halda víða hvorki vatni né vindum. Þetta þarf að lagfæra eins fljótt og kostur er og lagt til að engir leigusamningar umfram þá sem nú eru í gildi verðir undirritaðir fyrr en þessar lagfæringar hafa verið unnar. Verði af leigu til lengri tíma er gerð krafa um mun meiri lagfæringar utan húss, svo sem að setja á húsið varanlega klæðningu og/eða að fram fari varanleg viðgerð ásamt málningu og einnig að tvöfalda alla glugga. Rétt þykir að minna á að húsið stendur við aðalgötu Hafnar og getur vart talist nein bæjarprýði eins og það lítur út í dag og fer útlit þess stöðugt versnandi vegna skorts á viðhaldi.

Leigugreiðslur og kostnaður við rekstur hússins
Í gildi eru þrír leigusamningar um Vöruhús. Samkvæmt þeim eru leigðir samtals 1041 fermetri. Leigugreiðslur árið 2011 voru samtals kr. 12.581.577. Miðað við byggingarvísitölu janúarmánaðar 2012 má gera ráð fyrir leigugreiðslum að upphæð 13,3 milljónir króna fyrir árið 2012 sem eflaust verða hærri með hækkandi vísitölu. Orkureikningar árið 2011 voru samtals kr. 1.233.819.
Það er mat starfshópsins að um sé að ræða allt of háa leigu og um hana þurfi að semja á ný. Sennilega er þetta einhver hæsta leiga fyrir sambærilegt húsnæði í öllu sveitarfélaginu. Einnig er vert að skoða þann möguleika að kaupa húsið í því ástandi sem það er og endurbæta.
Orkukostnaður er áætlaður kr. 1,7 millj. á ári, helst í hendur við vaxandi notkun. Minni háttar viðhald gæti numið 500 þús. til milljón.
Leiga á ári, m.v. 1257 fermetra, gæti litið út með eftirfarandi hætti:
Leiga, kr. 600 pr./fm. – 9.050.000.
Leiga, kr. 800 pr./fm. – 12.070.000.
Leiga, kr. 1000 pr./fm. – 15.085.000.
(Sjá fylgiskjal 1)

Eftirlistmaður og ræsting
Við vaxandi umfang og stærra húsnæði er talið nauðsynlegt að í húsinu starfi húskarl / húskerling. Sá starfsmaður hefði eftirlit með húsinu en ekki síður tækjum og tólum sem auðvelt er að tapa ef ekki er vel utan um þau haldið. Sami starfsmaður gæti einnig séð um að ræsta húsið. Mat hópsins er að þetta geti verið um 50% staða fyrst í stað sem stækkaði með auknum umsvifum í húsinu. Launakostnaður á ári við þessa stöðu, samkvæmt ofangreindu starfshlutfalli, er um 1,7 milljón á ári.

Niðurstöður
Í samræmi við það sem að framan greinir er niðurstaða starfshópsins sú að á næsta skólaári fari fram kennsla í list- og verkgreinum umfram það sem nú er kennt í Vöruhúsi. Hönnuðum og listamönnum verði gert kleift að nýta húsið fyrir sína starfsemi. Næstu tvö ár verði reynslutími sem nýttur verði til að byggja á ákvarðanir til lengri framtíðar. Þá liggi fyrir ákvörðun um hvort list- og verkgreinar verði áfram í húsinu eða nýtt hús byggt. Verði Vöruhús nýtt áfram er rétt að huga að því að kaupa húsið fremur en leigja.

Næstu skref

Gert er ráð fyrir að tillögur nefndarinnar verði teknar til umræðu og afgreiðslu á næstu vikum. Afgreiða þarf málið frá sveitarstjórn, FAS og öðrum sem gætu haft áhuga á að koma formlega að verkefninu. Ef áhugi reynist fyrir hendi hjá tveimur eða fleiri aðilum þarf að gera formlegan samning um verkefnið. Í samningi þarf að taka á innkaupum, svo sem á verkfærum, tækjum, hirslum, húsgögnum og rekstrarvörum. Í samningi þarf einnig að taka á starfslýsingu, umfangi og ráðningu húskarls/húskerlingar sem hefur umsjón með húsinu og þrifum. Ákveða þarf hvernig verkefninu verður stýrt, hvernig samvinnu þeirra sem starfa í húsinu verður háttað og hvernig staðið verður að greiðslum vegna reksturs og leigu. Þegar og ef gengið hefur verið frá samningi þarf stjórn verkefnisins að hittast og funda með þeim sem starfa í húsinu. Æskilegt er að slíkur fundur verði ekki seinna en í maí, þ.e. áður en skólum lýkur. Nefndin leggur til að Stefán Ólafsson haldi utan um verkefnið þar til önnur stjórn er komin eða ákveðið hefur verið að hætta við það.

Eiríkur Hansson

Eyjólfur Guðmundsson

Guðlaug Ósk Pétursdóttir

Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson

Stefán Ólafsson

5

Leiga á Vöruhúsi, fermetrar og fermetraverð						
Fylgiskjal 1						
		Upphaflegt	Leiga á fm	Leiga á mán.		
	Fermetrar	leiguverð á fm	í janúar 2012	í janúar 2012	Ársleiga	
Handmenntastofur *	329,1	800	1352,31	445.047	5.340.560	
Jöklasýning **	507	697	1169,52	592.948	7.115.371	
Kjallari ***	205	250	318,93	65.382	784.578	Meðalleiga á fm
Samtals	**1041,1**			**1.103.376**	**13.240.509**	**1.060**
* Samningur rennur út 1. júlí 2014.						
** Samningur rennur út 1. janúar 2014.						
*** Samningur rennur út 1. september 2012.						
Stærð Vöruhúss						
Samkv. fasteigamati	Brúttó fm	Nettó fm				
Kjallari	491,2	469,2				
1. hæð	482,6	465,2	Mismunur á fasteignamati og mælingu			
2. hæð	283,3	275,2	Fm	Fm		
Samtals	1257,1	1209,6	99	44		
Samkvæmt teikningum						
Kjallari	518,6	479,8				
1. hæð	543,8	505				
2. hæð	293,5	268,7				
Samtals	1355,9	1253,5				
Húsnæði sem ekki eru leigusamningar um, kjallari.						
Brúttó fm	301,4					
Nettó fm	278,7					
	Fm	Leiga 1	Leiga 2	leiga 3		
Mismunandi leiguverð	1257,1	600	800,00	1.000		
allt húsið leigt		9.051.120	12.068.160	15.085.200		